

Nd.

548. Frumvarp til laga

[310. mál]

um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Pegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olúfélaganna sem olúverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. másl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. másl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 bandaríkjadali á tonn fob.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Pegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Pegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Pegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálf prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Ákvæði 1. og 3. gr. laga þessara öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá 15. janúar 1987. Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. júní 1987, en fram til þess tíma gildir ákvæði 3. gr. laga nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Undanfarin ár hafa verið miklar sveiflur í afkomu sjávarútvegsins. Á fyrri hluta þessa áratugar átti sjávarútvegurinn í miklum erfiðleikum, fyrst og fremst vegna aflabrests, en jafnframt breytti olíuverðshækkunin upp úr 1980 stöðu útgerðar til hins verra.

Í maí 1983 gripu stjórnvöld til sérstakra aðgerða í efnahagsmálum, m.a. í því skyni að treysta afkomu sjávarútvegsins, sérstaklega útgerðarinnar sem þá var rekin með miklum halla. Þá var fellt niður sérstakt olúgjald og niðurgreiðsla á olíukostnaði, utan skipta, en í stað þess tekin upp sérstök kostnaðarhlutdeild, einnig utan skipta. Með þessari breytingu lækkaði í reynd hlutfall skiptaverðs af heildarverði afla sem landað er innanlands — eins og það er skilgreint í dag — úr rúmlega 76% í rúmlega 71%. Þetta hlutfall lækkaði enn frekar — í tæplega 70% — í ágúst 1984 þegar tekin var upp sérstök greiðsla úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins til útgerðar utan skipta. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að fiskvinnsla þurfti í mörgum tilvikum að færa verulegt fé til útgerðar til að tryggja rekstur skipanna en slíkar tilfærslur komu ekki til skipta. Allur samanburður er því erfiður vegna breytinga á tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins.

Í þeirri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem lauk síðastliðið vor með því að sett voru lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, fólst mikil einföldun á hlutaskiptum. Þannig voru allir millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup lagðar niður en í þeirra stað lögleidd einföld ákvæði um að aflahlutir sjómanna skyldu reiknast sem fast hlutfall af heildarverðmæti sjávarafla. Tilgangur þessara breytinga var að einfalda kerfið án þess að breyta skiptum í verulegum atriðum. Voru allir hagsmunaaðilar sammála um þessar breytingar. Í þessu fólst þó að sjálfsögðu ekkert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins eins og kemur meðal annars fram í bókun fulltrúa sjómanna í sjóðanefndinni.

Fyrsta breytingin á hlutfalli skiptaverðs af heildaraflaverðmæti var gerð í tengslum við fiskverðsákvörðun síðastliðið sumar, en þá var ákveðið með samkomulagi sjómanna og útvegsmanna að hlutfall þetta skyldi hækka úr 70% eins og það var ákveðið með lögnum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun í 71% fyrir tímabilið september til desember 1986. Þar sem þessi ákvörðun var tímabundin og tekin með samkomulagi aðila þótti ekki að svo stöddu ástæða til að lögfesta hana. Um miðjan janúar s.l. voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna og var með þeim ákveðið að breyta í veigamiklum atriðum tilhögun skiptaverðmætis sjávarafla. Þar sem hér er um svo miklar breytingar að ræða voru aðilar sammála um að óska eftir breytingu á lagaákvæðunum í samræmi við það. Meginbreytingarnar eru fjórar.

Í fyrsta lagi var hlutfall skiptaverðmætis af heildarverðmæti sjávarafla, sem landað er innanlands, hækkað upp í 75% frá 1. janúar síðastliðnum til 31. maí næstkomandi og upp í 76% frá 1. júní 1987.

Í öðru lagi var ákveðið að tengja skiptaverðshlutfallið innkaupsverði á olíu þannig að hækkun olíuverðs hér á landi hefði í för með sér lækkun á skiptaverðshlutfallinu en lækkun olíuverðs leiddi aftur á móti til hækkunar skiptaverðs til sjómanna.

Þriðja atriðið, sem samið var um og snerti skiptakjörin beinlínis, varðaði ákvörðun skiptaverðs í gámafiskútflutningi. Þar varð samkomulag um að áður en skiptaverðmæti er reiknað skuli draga frá heildarverðmæti þann tilkostnað útgerðar sem hlýst af þessum útflutningi. Þetta ákvæði tekur gildi frá 1. júní næstkomandi.

Fjórða atriðið snertir skiptakjörin á þeim veiðiskipum sem frysta eigin afla um borð. Eru skiptakjörin mismunandi eftir því hvort um bolfisk eða rækju er að ræða og er þar horfið að sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku laganna um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun.

Með þessu frumvarpi er lagt til að þessar breytingar verði lögfestar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að skiptahlutfallið skuli hækka í 75% þegar afli fiskiskips er seldur óunninn hér á landi. Jafnframt er hér mörkuð meginregla um áhrif gasolíuverðs á skiptahlutfallið. Samkvæmt þessari reglu hækkar skiptahlutfallið í 76% fari birgðaverð gasolíu niður í 97 dollara og með sama hætti lækkar skiptahlutfallið í 74% fari birgðaverð í 145 dollara. Skiptaverðmæti fari þó aldrei niður fyrir 70% hversu mikið sem olíubirgðaverð hækkar. Í 1. mgr. er jafnframt ákveðið að skiptahlutfallið skuli miðað við gasolíuverð í birgðum olíufélaganna en ekki gasolíuverð til fiskiskipa. Hins vegar verður aðeins um breytingar á skiptahlutfalli að ræða þegar gasolíuverð til fiskiskipa breytist. Jafnframt er ákveðið að breytingar á verði olíu til fiskiskipa komi aðeins til framkvæmda við mánaðamót og er það m.a. gert til einföldunar þar sem uppgjör til áhafna miðast við mánaðamót.

Í 2. mgr. segir að frá og með 1. júní 1987 skuli skiptahlutfall hækka í 76% en jafnframt hækkar viðmiðunin til lækkunar skiptahlutfalls úr 133 dollurum í 145 dollara.

Um 2. gr.

Í þessari grein segir að skiptahlutfallið skuli vera 76% af heildarverðmæti, að frádrögnum tilgreindum kostnaðarliðum, þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði. Hér er um svonefndan gámafisk að ræða og samkvæmt gildandi lögum er skiptahlutfallið 60% af brúttósöluverðmæti en 52% af söluverðmæti kola. Ekki er í frumvarpi þessu skilið milli kola og annars fisks en hins vegar koma tollar til frádráttar áður en skiptahlutfallið er reiknað þar sem 15,0% tollur er á kola til Bretlands en 3,7% tollur á þorski, ýsu og ufsa og 2% á karfa. Í seinni málsl. þessarar greinar er kveðið á um að skiptahlutfallið skuli hækka og lækka með sama hætti og skv. 1. gr. og þar sem þessi grein tekur ekki gildi fyrr en 1. júní 1987 er viðmiðun til lækkunar skiptahlutfalls 145 dollarar.

Um 3. gr.

Í 1. og 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um skiptahlutfall þegar afli er frystur um borð í veiðiskipi og er það mishátt eftir því hvort um bolfisk er að ræða eða rækju. Samkvæmt gildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á þessum afurðum, en það var hins vegar gert fyrir gildistöku laganna í maí 1986 og urðu aðilar sammála um að breyta því aftur í fyrra horf.

Í 3. mgr. þessarar greinar er kveðið á um hvernig olíuverð til fiskiskipa skuli hafa áhrif á skiptahlutfallið og skulu breytingar á olíuverði aðeins vega helming til hækkunar eða lækkunar skiptahlutfalls frá því sem ákveðið er um annan afla.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa umfram það sem þegar hefur komið fram.